

250. fundur fræðslunefndar 21.01.2020

Fundur fræðslunefndar haldinn í Víkurskóla. Anna Huld Óskarsdóttir formaður fræðslunefndar setur fundinn kl 16:00

Mættir: Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Þorbjörg Kristjánsdóttir, Karl Pálmasson, Anna Huld Óskarsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir  
Áheyrnafulltrúi Leikskóla Sveinn Sigurðsson.  
Áheyrnafulltrúi Skóla Ólafur Ögmundsson  
Dagskrá;

16:00 Formaður fer yfir breytingar á skipan nefndarinnar.

*Formaður afhendir erindisbréf til nýrra nefndarmanna.*

*Skipaður rýnihópur til að uppfæra Menntastefnu Mýrdalshrepps. Þorbjörg og Þórey voru skipaðar í starfshóp ásamt Önnu Huld formanni fræðslunefndar. Stefnt er að því að ljúka vinnunni fyrir páska.*

16:10 Grunnskóli: skólastjóri fer yfir stöðu mála

Skýrsla skólastjóra í viðhengi 1.

*Elín Einarsdóttir Skólastjóri og Viktoría Reinholds áheyrnafulltrúi kennara skólans mæta á fundinn kl kl 16:17.*

*Elín segir frá gangi mála. Útskýrir að erfitt sé að manna eina stöðu vegna forfalla kennara, engin viðbrögð eru við auglýsinguí og því þarf að dreyfa kennslunni á núverandi starfsmenn, sem þyngt hefur róðurinn.*

*Rætt var starfið hjá forskólanum, það gengur vel og lofar mjög góðu.*

*Elín og Viktoría yfirgefa fundinn kl 16:29.*

16:30 Leikskóli; Leikskólastjóri fer yfir stöðu mála

Skýrsla leikskólastjóra í viðhengi 2

*Bergný Ösp Sigurðardóttir leikskólastjóri og Dagný Rut Gretarsdóttir koma inn á fundinn kl 16:30.*

*Bergný fer yfir gang mála. Heilt yfir gengur vel á leikskólanum.*

*Tveir kennarar hafa farið veikindaleyfi en eru komnir aftur.*

*Nýtt foreldrafélag var stofnað.*

*Skólinn fékk 75.000.kr styrk frá sameinaða foreldra félaginu sem mun nýtast vel.*

*Bergný og Dagný fóru á námskeið í "Markvissar aðgerðir" í kjölfari Tras námskeiðsins.*

*Endurnýjun á starfsfólki um áramótin. Ef allt gengur eftir þá verður leikskólinn*

*fullmannaður og hægt að klára taka inn börn af biðlistanum. 17 börn verða á*

*leikskólanum þegar aðlögun er lokið hjá 4 börnum fyrir 1. febrúar, en þá eru ennþá eftir 4 börn á biðlista.*

*Bergný og Dagný Rut yfirgefa fundinn kl 16:54.*



16:50 Tónskóli skólastjóri fer yfir stöðu mála

Brian R. Haroldsson Tónskólastjóri mætir inn á fundinn kl 16:55

Jólatónleikar í Leikskálum, gekk mjög vel og það var góð mæting.  
Brian fór yfir starfsemi Tónskólans í desember. Mikið var að gera og reyndu sem hægt var að vera sýnilegir í sveitafélaginu.

27. fjölgun um 4 frá haustönn.


Dagar Tónskólans verða haldinn 15. Febrúar.

Nokkrar breytingar á kennslu verða núna, samstarf verður á milli Víkurskóla og verður farið 3 í viku í Tónskólann. Einnig verður samstarf þegar árs hátíð Víkurskóla verður haldin. Tónskólastjóri fangar þessu aukna samstarfi. Einnig verður samstarf með Mánalandi og verður söngstund á þriðjudögum og fimmtudögum.

Brian yfirgefur fundinn kl: 17:08.

17:00 Önnur mál

Ákveðinn var fyrsti fundur stýrihóps fyrir endurskoðun menntastefnu skólanna.  
Þriðjudaginn 27. Kl 16:00.


  
Salóme Þóra Valdimarsdóttir

  
Þorbjörg Kristjánsdóttir

  
Karl Pálmasson

  
Þórey Richardt Úlfarsdóttir

  
Anna Huld Óskarsdóttir

  
Sveinn Sigurðsson

  
Ólafur Ögumundsson



## Skýrsla skólustjóra fyrir fræðslunefndarfund þriðjudaginn 21. janúar 2020

Veðrið hefur verið rammíslenskt fyrstu vikur ársins og því höfum við þurft að fella niður skólaakstur tvisvar sinnum og flýta heimferð einu sinni það sem af er ári.

**Starfsmannamál:** Í lok nóvember sl. var ljóst að einn kennari færi í ótímabundið veikindaleyfi. Staðan var auglýst en því miður komu ekki umsóknir. Því þurfti að bæta þessum 22 kennslustundum á þá sem fyrir eru að kenna við skólann. Það er dýr lausn og það sem verra er eykur álagið til muna. Stjórnendur hittust í jólafríinu til þess að skipuleggja starfið með hliðsjón af þessum forföllum. Til viðbótar forfallaðist einn stundakennari skólans sem hefur sinnt 4 kennslustundum og því verður að leysa þær stundir jafnframt.

**Skólastarfið:** Árlegt kaffihúskvöld skólans á Degi íslenskrar tungu fór vel fram. Nemendur stóðu fyrir dagskrá og sáu um kaffiveitingar með aðstoð starfsmanna.

Þann 18. nóvember hófst forskóli 5 ára barna. Starfið gengur vel og börnin hafa aðlagast vel. Ráðið var í eina stöðu skólaliða vegna þessa verkefnis.

Þjóleikhúsið kom í heimsókn 15. nóvember og var með tvær sýningar fyrir eldri og yngri nemendur. Afskaplega flott framtak hjá leikhúsinu.

Í lok nóvember fóru 2 kennarar og 3 nemendur í Erasmus+ ferð til Póllands. Ferðin tókst mjög vel þótt heimferðin væri ansi strembin. Eitt af verkefnum sem við tókum þátt í er gerð merkis fyrir verkefnið. Við efndum til samkeppni í skólanum og fengum margar finar tillögur sem við lögðum inn í samkeppni við hina skólana. Á Litlu- jólum Víkurskóla veittum við viðurkenningu fyrir þrjár bestu tillögurnar.

Nemendafélagið stóð fyrir spilasiðdegi í lok nóvember. Auk þess sá nemendafélagið um jóladansleik 5.-10. bekkjar.

Aðventudagskrá skólans var fjölbreytt. Boðssýning á Lava show, vettvangsferð á Syngjandann með þátttöku Grýlu og heimsókn í Víkirkirkju svo dæmi séu tekin. Þá stóð foreldrafélag Víkurskóla fyrir jólaþemasíðdegi og laufabrauðsbakstri.

Jón Pétur Úlfjlótsson danskennari var með dansnámskeið í fyrstu kennsluviku ársins.

**Annað:** Haldinn var bænastund 6. janúar sl. í skólanum vegna kennara sem kenndi við skólann um árabíl og er saknað. Bænastundin var skipulögð í samráði við sóknarprest.

Að auki hefur skólustjóri reynt að sinna uppfærslu á ýmsum nauðsynlegum skjölum og áætlunum s.s. áfallaáætlun skólans. Ekki var til áætlun um áætlun og öryggi fyrir Víkurskóla en sú áætlun liggur nú fyrir og ekki hafa komið athugasemdir vegna hennar frá Vinnueftirlitinu eftir að hún var send inn.

Skólustjóri er tengiliður skólans við verkefnið Fræðslustjóri að láni sem unnið er í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands. Verkefnið nýtist einkum almennum starfsmönnum sem hafa lokið minni menntun en sem svarar stúdentsprófi.

Það er ljóst að þegar kennsluhlutfall skólustjóra er orðið 38,5%, þá kemur það niður á ýmsum verkefnum sem þarf að sinna í skólastarfinu. Ma. áætlana- og þróunarvinnu og aðstoð við starfsfólkið í starfi. Aðstoðarskólustjóri er jafnframt að kenna umtalsvert fram yfir kennsluskyldu og því tími til annarra verkefna lítill sem enginn.

## Nóvember:

- Dagný fór í veikindaleyfi
- Nýtt foreldrafélag fyrir leikskólann var stofnað. 4 mættu á fundinn. Þriggja manna stjórn í vetur og svo verður alltaf 5 manna stjórn. Var ákveðið að hafa þetta svona þar sem elsti árgangurinn fór upp í skólann. Sveinn Sigurðsson var kosinn áheyrnarfulltrúi foreldra í fræðslunefnd og Ingibjörg Matthíasdóttir til vara.

## Desember

- Bergný og Dagný fóru á námskeið í Reykjavík í byrjun desember sem heitir Markvissar aðgerðir í kjölfar TRAS og var það mjög flott námskeið. Það er nátengt þróunarverkefninu okkar og auk okkar var þar einnig starfsfólk frá Kærabæ og Laugalandi sem eru með okkur í þróunarverkefninu.
- Desember var annars mjög rólegur og notalegur og við vorum dugleg að njóta. Foreldrafélagið tók að sér að vera með aðventukaffi leikskólans og foreldrar komu og fengu sér kaffi og skreyttu piparkökur með börnum sínum. Það mættu flestir foreldrar þeirra barna sem voru í leikskólanum þann daginn. Þetta var mjög vel heppnað.
- Börnin voru mikið veik frá miðjum desember og voru þau mjög fá sem mættu síðustu dagana fyrir jólafrí.
- Dagný fór úr fullu veikindaleyfi niður í 50%.
- Anna Jóhanna, Joanna og Dorota hættu störfum hjá okkur fyrir jólafrí og við þökkum þeim fyrir vel unnin störf.

## Janúar

- Við opnuðum aftir þann 2. janúar, það var gott að koma tilbaka þótt fríið hefði verið stutt.
- Þann 3. janúar kom Árný aftur til starfa eftir löng veikindi.
- Þann 6. janúar komu Julija og Patricia til okkar. Julija er í hálfu starfi og Patricia er í fullu starfi.
- Dagný kom einnig tilbaka í fullt starf.
- Einnig lítur út fyrir að nýr starfsmaður komi inn um næstu mánaðarmót.
- Aðlögun hófst þann 6. janúar sl. og þá fengum við til okkar 2 ný börn.
- Við erum aftur með aðlögun þann 20. janúar og þá koma til okkar 2 börn í viðbót.
- Þá eru 4 börn eftir á biðlistanum.
- Við höfum verið að breyta til í starfinu okkar og erum komnar með nýtt dagskipulag. Vegna aðlögunarinnar erum við að vonast til að vera komnar með allt á gott rólk í byrjun febrúar.
- 16. og 17. janúar erum við búna að vera með foreldraviðtöl og hefur það gengið vel, fólk er almennt ánægt með veru barna sinna hjá okkur.
- Dagný hefur sagt upp störfum og mun hætta þann 1. maí nk.

Annað(aðeins til upplýsingar, ef fólk vill kynna sér):

- Límónutréð
- Starfsaðstæður leikskólakennara,  
<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/fraedslurad/328-fundur>

1. deildast  
hopshoar

B	6			
B	2			
B	6			
R				

6,5    17.

+ 1

---

7,5

hopa

## **Fræðslunefnd 21. jan. 2020 staðan í tónskólanum**

Nemendur tónskólans og kennarar hafa gert víðreist nú á jólanum og spiluðu:

Nemandi/Nemendur/kennari:

**Kaffihúskvöld** grunnskólans 14. nóv. NB

**Aðventusamkoma** í Víkurkirkju 01. des. FB

Heimsókn til Víkurkirkju og á **Hjallatún** 02. des. B

**Jólasamvera Samherja**-félags eldri borgara í Mýrdals 05. des B

USSS – **Undankeppni Söngkeppni Samfés** á Suðurlandi á Selfossi 06. des. AN

Jólatónleikar á **Hjallatún** 08. des. B

Lokaæfing fyrir jólatónleikana 11. des. í Félagsheimilið **Leikskála** FNAB

Jólatónleikur Tónskólans Mýrdalshrepps 12. des í Félagsheimilið **Leikskála** FNAB

Helgileikur á **Hjallatúni** fyrir grunnskólinn 16. des. B

Söngstund í **Skeiðflatarkirkju** 16. des. B

Litlu-jól, jóladagskrá og jólaball **grunnskólans** 17. des. NB

Jólasöngvar-Innlendir og erlendir listamenn flytja fjölbreytta jólatónlist 22. des. í **Víkurkirkju** FB

Jólaball Kirkjubæjarklaustri 28. des B

Hið árlega jólaball Mýrdælinga 29. des. í Félagsheimilið **Leikskála** B

**Suðurvík** 31. des spilað A

**Jólatónleikar Tónskólans** voru haldnir í Félagsheimilinu Leikskála fim. 12. des..

Tónleikararnir voru mjög vel sóttir og tókust ágætlega-enda nemendurnir búnir að leggja mikið á sig í vetur. Um 70 manns sóttu tónleikana þrátt fyrir kulda. Sviðssetningin og ljósin voru alveg til fyrirmyndar.

**Nú eru 27 nemendur í tónskólanum á vorönn.** Fjölgun um 4 nemendur frá haustönn.

**Dagur tónskólans** verður lau. 15. feb. 2020. Dagskráinn liggur ekki fyrir eins og er.

### **Samstarf milli skóla:**

1) Tónmennt í Víkurskóla x3

2) Árhátíð Víkurskóla 01. apr. 2020

3) Söngstund á þri. og fim. fyrir Leikskólan Mánaland.

**Fræðslufundur STS/Samtök Tónlistarskólustjóra** fös. 17. jan í Tónlistarskóla Seltjarnarnes